

## Skólaráð Myllubakkaskóla

13. október 2016

Mættir: Bryndís (skólastjóri), Svanhildur (ritari og fulltrúi kennara), Unnur (fulltrúi kennara), Stefán (fulltrúi starfsmanna), Hjörleifur (fulltrúi foreldra) Hrafnhildur (fulltrúi grenndarsamfélags) og Marcelina (fulltrúi nemenda). Herdís Birta (fulltrúi nemenda) og Lovísa (fulltrúi foreldra) eru forfallaðar.

1. Bryndís sýndi skemmtilegt myndband sem úskýrir hlutverk skólaráðs og er ætlað nemendum.
2. Rætt var um starfsáætlun skólans og var hún undirrituð. Nú er ekki lengur talað um nemendaráð heldur nemendafélag. Almenni hlutinn er til tveggja ára og gildir til ársins 2018. Starfsáætlunin verður birt á heimasíðu skólans.
3. Breytingar á skóladagatali vegna námsferðar kennara. Starfsdagur sem átti að vera miðvikudaginn 18. janúar færir til miðvikudagsins 15. mars. Þetta var samþykkt.
4. Bryndís sagði frá sjálfsmatsskýrslu sem er frá síðasta skólaári. Skólinn kemur vel út t.d. hefur einelti minnkað. Stúlkur mælast aðeins undir viðmiðum í nokkrum þáttum. Rætt var um að til að styrkja stúlkurnar væri t.d. hægt að bjóða upp á stelpuval á næsta skólaári.
5. Marcelina talaði um að unglingana langar að fá aftur býti og safna fyrir umbun eins og yngri nemendur skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Svanhildur Skúladóttir